



Sundlaug

Sundlaugin okkar verður opin laugardaginn 15. apríl milli kl. 14:00 og 16:00.

Svalbarðskirkja

Föstudagurinn langi 14. apríl kl. 11:00. Gengið frá Svalbarðskirkju í Laufás 16 km. Súpa í Laufási gegn vægu gjaldi. Dagskráin í tali og tónum í umsjá Petru Bjarkar Pálsdóttur og Þórs Sigurðssonar Laufáskirkju kl. 14:30. Björgunarsveitin Týr vaktar gönguna. Jafnframt gengið frá Végeirsstöðum í Fnjóskdal kl. 11:00 16 km og Grenivík kl. 12:00 9 km.

Páskadagur 16. apríl Páskaguðsþjónusta kl. 11.00.

Sumardagurinn fyrsti 20. apríl Fermingarguðsþjónusta kl. 11.00.

Verið öll hjartanlega velkomin og gleðilega páskahátíð!

Aðalfundarboð

Aðalfundur UMF Æskunnar 2017 verður haldinn í Valsárskóla miðvikudaginn 12. apríl n.k. kl. 20:00.

Dagskrá: venjuleg aðalfundarstörf.

Hvetjum félagsmenn til að mæta og hafa áhrif á starfið. Þjóðum nýja félaga velkomna í félagið. Léttar veitingar í boði.

Stjórnin

Fjáröflun unglिंगadeildar Valsárskóla

Klósettpappír: 48 WC-rúllur 7.000 kr og 24 rúllur 3.500 kr.

Eldhúspappír: 15 rúllur 3.800 kr. og 5 rúllur 1.300 kr.

Gæðapappír sem er keyrður heim að dyrum. Til að panta pappír má hafa samband við Fjólu Þórhallsdóttur Smáratúni 1, sem tekur við pöntunum í síma 892-0773.

Morgunstundir í Safnaðarstofu

Morgunstundirnar eru á hverjum þriðjudagsmorgni kl. 11:00.

Allir velkomnir

Bókasafn

Bókasafn Lestrarfélags Svalbarðsstrandar er í Ráðhúsinu á Svalbarðseyri. Það er opið á mánudögum kl. 17:00-19:00, en þess utan er hægt að komast á bókasafnið þegar skrifstofa sveitarfélagsins er opin.

Næstu rusladagar

- | | | |
|-----------|---|---------------------|
| 19. apríl | - | Gráa / brúna tunnan |
| 27. apríl | - | Græna tunnan |
| 3. maí | - | Gráa / brúna tunnan |
| 18. maí | - | Gráa / brúna tunnan |
-

Ströndungur kemur næst út fimmtudaginn 18. maí.

Skilafrestur á efni er til kl. 15:00 þriðjudaginn 16. maí.